

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
15.1.2023 (#7 2022-2023) klukkan 17

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen** sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Margrét Ágústsdóttir og Margrét Magnúsdóttir**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Skýrsla frá verkefnastjóra ungliðastarfs

Verkefnastjóri ungliðastarfs flytur skýrslu um stöðu verkefnisins. Undirbúningsvinna hefur farið vel fram. Fundarð hefur verið með Ægi, Breiðablik og 3SH og unnið með þríþrautarsambandi Árhúsa í Danmörku sem viðmiðunaraðila. Vinnan heldur áfram á grundvelli áætlunar og verða skýrslur fluttar stjórn ÞRÍ reglulega í gegnum ferlið.

Ragnar Guðmundsson, verkefnastjóri ungliðastarfs, tekur sæti undir þessum dagskrárlíð

3. Kostnaður varðandi unglingaverkefni

Fram fer umræða um kostnað vegna unglingaverkefnis. Kostnaðaráætlun er í vinnslu og verður kynnt síðar.

4. Þríþrautarþing 2023

Fram fer umræða um Þríþrautarþing 2023. Þingið er áætlað þann 25. febrúar. Verkefnastjóri ÞRÍ mun annast skipulag með aðstoð fráfarandi verkefnastjóra. Óskað verður eftir framboðum á vefsíðu sambandsins og í samræmi við aðferðafræði nýrra laga sambandsins.

5. Skýrsla nefndar

Undirnefndir sambandsins gefa skýrslu.

Dómaranefnd: Mikilvægt er að fara yfir allar reglugerðir og samræma við nýjar reglur World Triathlon. Stefnt verður að því að vinna að samræmingu reglna og setningu nýrra reglna fyrir komandi Þríþrautarþing.

6. Stefnumótun – kostnaður

Farið yfir fyrirleggjandi tilboð hjá EnnEmm varðandi stefnumótun fyrir ÞRÍ.

Samþykkt

7. Guðlaug Edda:

- Áframhaldandi laun
Lögð fram tillaga um að halda áfram fjárhagslegum stuðningi við GE.
Samþykkt
- Markþjálfunarkostnaður
Lögð fram tillaga um markþjálfun fyrir GE. Kostnaður er um 1 milljón á ári.
Samþykkt
- Aðstoðarpersóna ferðlög
Skoðað verður hvort mögulegt sé að senda aðstoðaraðila með GE á mót.
Samþykkt að skoða betur forsendur fyrir því.

8. Önnur mál

Íþróttamaður ársins: Fram fer umræða um val á íþróttamanni ársins í Kópavogi og hvort Guðlaug Edda hafi verið tilnefnd í valinu. Mælt er með því að stjórn Breiðabliks hafi samband við Kópavogsbæ til að athuga ferla og kynna Guðlaugu sem mögulegan valkost.

Fundi slitið kl. 18.38